

Almenningssamgöngur ehf.
Ársreikningur 2024

Óendurskoðaður ársreikningur
Almenningssamgöngur ehf.
Suðurláti 3
210 Garðabæ

Kt. 430676-0169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið sér um ferjusiglingar með farþega og vörur á milli Dalvíkur og Grímseyjar/Hríseyjar samkvæmt samningi þess við Vegagerðina. Félagið skal annast umsamdan rekstur án hagnaðar.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 503,9 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 336,6 millj. kr. milli ára eða um 201%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 0,0 millj. kr. (2023: 0,0 millj. kr.)

Framlag Vegagerðarinnar nam 410 millj. á árinu.

Eigið fé félagsins í árslok nam 7,6 millj. kr. (2023: 7,6 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 0,5 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2025 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 7,5 (2023: 5,0).

Hlutafé er að fullu í eigu Vegagerðarinnar í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenningsgangna ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík; / 2025.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Almenningsamgöngum ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Almenningsamgangna ehf. fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaáferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík; / 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Vörusala		93.864.280	48.453.017
Ríkisstyrkir		410.000.000	118.827.495
		503.864.280	167.280.512
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		175.702.050	63.405.382
Laun og launatengd gjöld	8	279.632.774	86.381.768
Annar rekstrarkostnaður		46.795.636	16.965.274
Afskriftir	9	1.779.536	0
		503.909.996	166.752.424
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(45.716)	528.088
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.208.516	134.074
Vaxtagjöld	(1.162.800)	(662.162)
		45.716	(528.088)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		0	0
Tekjuskattur		0	0
Hagnaður ársins	11	0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	9.336.182	1.500.000
Fastafjármunir		<u>9.336.182</u>	<u>1.500.000</u>
Viðskiptakröfur		15.969.502	24.714.586
Kröfur á tengda aðila	13	0	1.509.567
Aðrar skammtímakröfur		259.919	2.670.414
Handbært fé		56.335.336	23.046.252
Veltufjármunir		<u>72.564.757</u>	<u>51.940.819</u>
Eignir samtals		<u>81.900.939</u>	<u>53.440.819</u>
Eigið fé			
Hlutfé	10	500.000	19.450.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		7.144.972	0
Ójafnað eigið fé		0	(11.805.028)
Eigið fé	11	<u>7.644.972</u>	<u>7.644.972</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		22.488.863	31.252.214
Skuldir við tengda aðila	13	33.228.979	0
Aðrar skammtímaskuldir		18.538.125	14.543.633
Skammtímaskuldir		<u>74.255.967</u>	<u>45.795.847</u>
Skuldir samtals		<u>74.255.967</u>	<u>45.795.847</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>81.900.939</u>	<u>53.440.819</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	11	0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	1.779.536	0
Veltufé frá rekstri		1.779.536	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		11.155.579	(24.749.728)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(4.768.859)	43.123.475
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		6.386.720	18.373.747
Handbært fé frá rekstri		8.166.256	18.373.747
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(9.615.718)	(1.500.000)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	50.692.720
Kröfur á tengda aðila, breyting		1.509.567	(1.509.567)
Fjárfestingarhreyfingar		(8.106.151)	47.683.153
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við tengda aðila, breyting		33.228.979	(43.010.648)
Fjármögnunarhreyfingar		33.228.979	(43.010.648)
Hækkun á handbæru fé		33.289.084	23.046.252
Handbært fé í ársbyrjun		23.046.252	0
Handbært fé í árslok		56.335.336	23.046.252

Skýringar

1. Félagið

Almenningssamgöngur ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Suðurhrauni 3 í Garðabæ. Starfsemi félagsins felst í rekstri Grímseyjarferjunnar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki

5 ár

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

7. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps og frádráttarbærra tímabundinna mismuna er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skýringar

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	232.463.344	71.706.185
Mótframlag í líffeyrissjóð	27.588.504	8.708.588
Önnur launatengd gjöld	19.580.926	5.966.995
Annar starfsmannakostnaður	5.855.693	611.206
Laun og launatengd gjöld samtals	285.488.467	86.992.974
Ársverk í árslok	7,5	5

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	50.692.720	0	50.692.720
Viðbót	0	1.500.000	1.500.000
Selt og niðurlagt	(50.692.720)	0	(50.692.720)
Heildarverð 31.12.2023.....	0	1.500.000	1.500.000
Viðbót	0	9.615.718	9.615.718
Heildarverð 31.12.2024.....	0	11.115.718	11.115.718
Afskriftir	0	1.779.536	1.779.536
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	0	1.779.536	1.779.536
Bókfært verð 31.12.2023.....	0	1.500.000	1.500.000
Bókfært verð 31.12.2024.....	0	9.336.182	9.336.182
Afskriftahlutföll	0%	20%	

10. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 0,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

11. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverðs-reikningur hlutfjár	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	19.450.000	(11.805.028)		7.644.972
Eigið fé 31.12.2023.....	19.450.000	0	(11.805.028)	7.644.972
Lækkun hlutfjár	(18.950.000)	7.144.972	11.805.028	0
Hagnaður ársins			0	0
Eigið fé 31.12.2024.....	500.000	7.144.972	0	7.644.972

12. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2024 nam 1,2 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2024 er nýtanlegt sem hér segir:

	2024	2023
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	504.937	504.937
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	4.513	4.513
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	18.300	18.300
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	279.800	279.800
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	383.608	
Ójafnað skattalegt tap samtals	1.191.158	807.550

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.